

**Fundargerð stjórnar byggðasamlags UTU - 66. fundur
haldinn að Laugarvatni, 12. júní 2019
og hófst hann kl. 8:30**

Fundinn sátu:

Björgvin Skafti Bjarnason formaður, Helgi Kjartansson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Ingibjörg Harðardóttir, Árni Eiríksson og Guðmundur J. Gíslason.

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Harðardóttir.

Dagskrá:

1. Ársreikningur.

Ársreikningur embættisins lagður fram og yfirfarinn. Rekstur embættisins kostaði 143.753.294 kr. og var seld þjónusta embættisins 7.364.746 kr. Framlög sveitarfélaganna voru 136.388.548 kr. og er kostnaðarskipting sveitarfélaganna eftirfarandi:

<i>Grímsnes- og Grafningshreppur</i>	<i>45.711.800 kr. eða 33,5%</i>
<i>Bláskógabyggð</i>	<i>37.005.373 kr. eða 27,1%</i>
<i>Skeiða- og Gnúpverjahreppur</i>	<i>18.948.793 kr. eða 13,9%</i>
<i>Flóahreppur</i>	<i>13.770.229 kr. eða 10,1%</i>
<i>Hrunamannahreppur</i>	<i>11.810.729 kr. eða 8,7%</i>
<i>Ásahreppur</i>	<i>9.141.625 kr. eða 6,7%</i>

Ársreikningurinn samþykktur samhljóða og sendur til aðildar sveitarfélaganna til staðfestingar.

2. Rekstur embættisins, skýrsla formanns um gang mála síðustu mánuði.

Formaður stjórnar fór yfir gang mála innan embættisins. Skráning og skjalavarsla farin að taka meiri tíma en var og virðist alltaf vera að aukast.

Rætt var um styttingu opunar- og símatíma embættisins og lögð fram tillaga að breytingu hans. Stjórn samþykkir samhljóða framkomna breytingu.

3. Önnur mál.

Rætt var um lóðastofnanir og verklag þeim tengdum. Aðildar sveitarfélögin eru að fá kvartanir vegna seinagangs. Framkvæmdastjóra falið að færa til starfsfólk til að auka skilvirkni þjónustunnar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 9:15

Halldóra Hjörleifsdóttir

Björgvin Skafti Bjarnason

Helgi Kjartansson

Guðmundur J. Gíslason

Ingibjörg Harðardóttir

Árni Eiríksson
